

☒ Re: Aðalskipulagsbreyting og nýtt deiliskipulag fyrir vindmyllur í Grímsey - umsagnarbeiðni

Búið til	20.6.2022 15:20:12
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	20.6.2022 15:20:10
Tilheyrir	 202206-0006 - Aðalskipulagsbreyting og nýtt deiliskipulag fyrir vindmyllur í Grímsey

Efni

Re: Aðalskipulagsbreyting og nýtt deiliskipulag fyrir vindmyllur í Grímsey - umsagnarbeiðni

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	20.6.2022 15:20:10	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	mariam@akureyri.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Með kveðju,

Snorri

Tilvísun í mál nr. 202206-0006 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá Akureyrarbæ, dags. 6. júní 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu á vinnslustigi fyrir nýtt deiliskipulag í Grímsey ásamt breytingu á Aðaskipulagi Akureyrar 2018-2030.

Bæði deiliskipulagstillagan og aðalskipulagsbreytinguna eru vegna uppbyggingu á sex 6kW vindmyllum í Grímsey. Vindmyllurnar verða um 9 metrar á hæð og spaðarnir 5,6 m á þverál. Þeim verður komið fyrir á um 1 ha svæði á austurhluta Grímseyjar þar sem fyrir eru fjarskiptamöstur. Svæðið er því þegar raskað að einhverju leyti vegna mannvirkja.

Að mati Náttúrufræðistofnunar eru það fyrst og fremst áhrif á fuglalíf sem mögulega þarf að hafa áhyggjur af. Samkvæmt greinargerð tillögunnar dregur það úr áflugshættu að vindmyllurnar séu frekar litlar og standa þétt saman. Hins vegar eru áhrifin óviss og þess vegna er stefnt að því að Náttúrustofa Norðausturlands meti áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf og setji af stað vöktun því tengt. Það er mjög jákvætt að slíkt muni fara fram. Grímsey er mikilvægt fuglasvæði og þar eru stór sjófuglavörp og m.a. ein stærsta lundabyggð landsins. Áætluð staðsetning vindmyllnanna er ekki langt frá sjófuglabyggðum og þess vegna er áhrifamatið afar mikilvægt. Ef áflugshætta er metin óásættanlega mikil þarf að endurskoða áformin.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins en áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "María Markúsdóttir" <mariam@akureyri.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "nna@nna.is" <nna@nna.is>

CC:

Subject: Aðalskipulagsbreyting og nýtt deiliskipulag fyrir vindmyllur í Grímsey - umsagnarbeiðni

Date: 7.6.2022 10:16:45

Góðan dag,

Óskað er umsagnar um meðfylgjandi tillögu á vinnslustigi fyrir nýtt deiliskipulag fyrir vindmyllur í Grímsey ásamt breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.

Umsagnar er óskað fyrir 21.júní ef kostur er.

Bestu kveðjur,

María Markúsdóttir

Verkefnastjóri skipulagsmála

Þjónustu- og skipulagssvið

Geislagötu 9, 600 Akureyri

Beinn sími / Direct: (354) 460 1144

mariam@akureyri.is (<mailto:mariam@akureyri.is>)

<https://www.akureyri.is> (<https://www.akureyri.is/>)

Fyrirvari um tölvupóst / Email disclaimer (<https://www.akureyri.is/is/moya/page/fyrirvari-um-tolvupost>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)